

67. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn í fjarfundi og staðfundi skrifstofu Vestfjarðastofu á Ísafirði þann 12. mars 2025 kl. 12.00

Mætt voru: Gylfi Ólafsson, formaður, Dagný Finnbjörnsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Freyja Ragnarsdóttir Pedersen, Gauti Geirsson, Hildur Aradóttir, Lilja Sigurðardóttir, Magnús Ingi Jónsson, og Sædís Ólöf Þórsdóttir

Forföll boðuðu Tryggvi B Bjarnason og Sif Huld Albertsdóttir, Freyja Ragnarsdóttir Pedersen situr fundinn sem varamaður Tryggva í stjórn.

Auk þeirra sátu fundinn Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri, Sölvi Guðmundsson teymisstjóri markaðar og menningar og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar og ritaði einnig fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

- 1. Áætlunarflug til Ísafjarðar**
- 2. Ársfundur Vestfjarðastofu**
- 3. Gullkistan Vestfirðir – Vestfjarðasýning**
- 4. Skýrsla framkvæmdastjóra**
- 5. Ársreikningur Vestfjarðastofu 2024**
- 6. Fundargerðir til kynningar**
 - Fundargerð 117. fundar stjórnar SSNV
 - Fundargerð 118. fundar stjórnar SSNV
 - Fundargerð 70. fundar SSNE 5. febrúar 2025
 158. stjórnarfundur Austurbrúar 17. febrúar 2025
 9. fundur stjórnar SSA 17. febrúar 2025
 594. Fundur stjórnar SSH 17. febrúar 2025

Fundur stjórnar FV

- 1. Ársreikningur FV & endurskoðuð fjárhagsáætlun 2025**
- 2. Dagskrá 70. Fjórðungspings að vori til afgreiðslu**
- 3. Fundargerð Innviðanefndar**
- 4. Staða svæðisskipulags**
- 5. Framlög C1 aðgerðar Byggðaáætlunar**
- 6. Umsagnir:**
 - Umsagnarbeiðnir
 - Umsagnir til skoðunar

Formaður bauð stjórnarnamenn velkomna til fundar og kannaði hvort athugasemdir væru við dagsskrá og boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram. Gengið til dagskrár.

Formaður kynnti munnlega efni funda sem haldnir hafa verið á síðustu dögum með ráðuneytum um málefni Vestfjarða.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Áætlunarflug til Ísafjarðar

Formaður kynnti efni funda sem haldnir hafa verið með forsvarsmönnum flugrekenda og greiningarvinnu sem Vestfjarðastofa hefur hafið vinnu að og tillögu að bókun stjórnar.

Icelandair tilkynnti í síðustu viku að félagið hygðist hætta áætlunarflugi til Ísafjarðar í lok sumars 2026. Stjórn Vestfjarðastofu leggur áherslu á mikilvægi tryggra flugsamgangna fyrir norðanverða Vestfirði. Innanlandsflugið er eina heilsárs almenningsgöngur milli höfuðborgarsvæðisins og norðanverðra Vestfjarða og er sem slíkt á ábyrgð ríkisins sem þarf að vera reiðubúið til að styðja flugið með sértækum hætti. Áhersla þarf að vera á flug tvisvar á dag á flugvélum sem geta annað stærri hópum.

Landfræðilegar aðstæður á Vestfjörðum hafa meiri áhrif á flugöryggi en í öðrum hlutum landsins. Bætt flugleiðsögn með gervihnöttum (EGNOS) og greining á samþættingu á nýtingu Bíldudalsflugvallar og Ísafjarðarflugvallar eru allt verkefni sem að mati stjórnar Vestfjarðastofu þarf að hrinda í framkvæmd án frekari fyrirvara.

Stjórn Vestfjarðastofu lýsir ánægju með þann skýra vilja sem fram hefur komið frá yfirvöldum samgöngumála og þingmönnum um að finna varanlega og hágæða lausn á flugsamgöngum milli Ísafjarðar og Reykjavíkur.

Tíminn er naumur og fyrirsjáanleiki er mikilvægur fyrir atvinnulíf og samfélag á svæðinu. Stjórn Vestfjarðastofu hvetur stjórnvöld til þess að tryggja að þess sjáist merki í fjármálaáætlun að sett verði fjármagn til að tryggja framtíðarskipan flugs til norðanverðra Vestfjarða.

Til máls tóku auk formanns þau Gauti, Sædís, Elísabet, Sigríður, Magnús og Dagný

Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

2. Ársfundur Vestfjarðastofu

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið, hún kynnti hugmyndir að tímasetningu, efni og dagskrá ársfundar. Framkvæmdastjóri lagði til að Ársfundur fulltrúaráðs Vestfjarðastofu verði 14. maí í Súðavík og verði umfjöllunarefni upptaktur að sýningunni „Gullkistan Vestfirðir“ sem haldin verður á Ísafirði þann 6. september n.k..

Til máls tóku Lilja, Gauti, Elísabet, Gylfi, Sigríður og Sædís.

3. Gullkistan Vestfirðir – Vestfjarðasýning

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir að ramma Vestfjarðasýningar, sem haldinn verður 6. september á Ísafirði.

Til máls tóku Elísabet og Gylfi.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu um verkefni síðustu vikna.

Til máls tóku Sölvi, Gylfi og Freyja.

5. **Ársreikningur Vestfjarðastofu 2024** (Til afgreiðslu) – Fulltrúi Endvest á fundi Mætt til fundar Margrét Högnadóttir, viðskiptafræðingur frá Endurskoðun Vestfjarða Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið, hún kynnti drög að ársreikningi en um leið tillögu að ársreikningi 2024 en endurskoðun er ekki að fullu lokið.

Með fyrirvara um niðurstöðu endurskoðunar þá er áætlað að rekstrartekjur nemi 342 mkr,- en rekstragjöld nemi 345 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsgjöld og tekjur er neikvæð, er nemur 3,1 mkr , nettó fjármagnstekjur nema kr 3,5 mkr-. Rekstrarniðurstaða að teknu tilliti til fjármagnstekna nemur 0,2 mkr. Fastafjármunir nemi 0 ,4 mkr- ,veltufjármunir 92 mkr,-, eignir alls 92,4 mkr-. Eigið fé nemi 15,6 mkr, engar langtímaskuldir en skammtímaskuldir nemi 76,8 mkr, eigið fé og skuldir alls 92,4 mkr. Með reikningum fylgja skýringar og rekstrarreikningar fyrir deildir.

Til máls tók Gylfi og Margrét Högnadóttir

*Formaður bar upp tillögu að samþykkja efni skýrslu stjórnar, rekstreiknings og efnahagsreiknings Vestfjarðastofu fyrir árið 2024 og senda til endurskoðunar og síðan ársfundar fulltrúaráðs til afgreiðslu.
Tillaga formanns samþykkt samhljóða.*

6. Fundargerðir til kynningar

- a. Fundargerð 117. fundar stjórnar SSSNV
<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-117-fundar-stjornar-ssnv-21-januar-2025>
- b. Fundargerð 118. fundar stjórnar SSSNV
<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-118-fundar-stjornar-ssnv-4-februar-2025>
- c. Fundargerð 70. fundar SSNE 5. febrúar 2025
<https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerð-70-fundar-stjornar-ssne-5-februar-2025>
- d. 158. stjórnarfundur Austurbrúar 17. febrúar 2025
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2025/02/158.-stjornarfundur-Austurbruar-17.-februar-2025.pdf>

- e. 9. fundur stjórnar SSA 17. febrúar 2025
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2024/12/7.-stjornarfundur-SSA-13.-desember-2024.pdf>
- f. 594. Fundur stjórnar SSH 17. febrúar 2025
<https://www.ssh.is/is/stjornsysla/fundargerdir>

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.05

Fundur stjórnar FV

1. Ársreikningur FV & endurskoðuð fjárhagsáætlun 2025

Mætt til fundar Margrét Högnadóttir, viðskiptafræðingur frá Endurskoðun Vestfjarða. Lögð fram til kynningar fundargerð Fjárhagsnefndar Fjórðungssambands frá 3. mars s.l. og greinargerð sviðsstjóra um ársreikning 2024. Tillaga fjárhagsnefndar til stjórnar Fjórðungssambands er að samþykkja ársreikning.

Formaður gaf Aðalsteini Óskarssyni orðið til að fara yfir niðurstöðu ársreiknings Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2024. Rekstrartekjur nema kr 298.251.967,- en rekstragjöld nema kr 299.806.500,-. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsgjöld og tekjur er neikvæð, er nemur 1.554.533,-, nettó fjármagnstekjur nema kr 3.462.342,-,-. Rekstrarniðurstaða að teknu tilliti til fjármagnstekna nemur kr 1.907.809,-.

Fastafjármunir nema kr 4.513.729,-, veltufjármunir kr 123.232.764,-, eignir alls kr 127.746.493,-. Eigið fé kr 38.741.336,-. Langtímaskuld (Lífeyrisjóðskuldbinding) uppreiknuð í árslok 2024 kr 9.496.663,-, skammtímaskuldir kr 79.508.494,-, skuldir alls kr 89.005.157,-, eigið fé og skuldir alls kr 127.746.493,-.

Með reikningum fylgja skýringar og rekstrarreikningar fyrir deildir.

Margrét tilgreindi að endurskoðun væri á lokastigi, en til þessa hefðu ekki komið fram atriði sem gerðu tilefni til athugasemda. Margrét og Aðalsteinn svöruðu fyrirspurnum um einstök atriði ársreikningsins.

Formaður gerði að tillögu að beina til 70. Fjórðungspings Vestfirðinga að samþykkja ársreikning fyrir árið 2024. Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

Margrét Högnadóttir vék af fundi.

Lögð fram tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssamabands Vestfirðinga fyrir árið 2025, með tillögunni eru til samanburðar fjárhagsáætlun 2025 og ársreikningar FV 2024 og 2023. Fjárhagsnefnd Fjórðungssambands fjallaði um fjárhagsáætlunina og leggur til við stjórn að hún verði afgreidd óbreytt.

Heildartekjur og útgjöld eru nú áætlaðar 303 mkr, og hækka miðað við fjárhagsáætlun 2025 um 40,1 mk.

Sviðsstjóri kynnti að breytingar á endurskoðaðri fjárhagsáætlun fælust jöfnun framlaga og útgjalda svæðisskipulags frá árinu 2024 á árin 2025 og 2026, tilgreind væru nýlega samþykkt framlög af Byggðaáætlun C1 aðgerð og útborgun þeirra og staðfest framlög og útborgunar vegna Sóknaráætlunar Vestfjarða. Ekki eru tilgreindar ráðstafanir úr varasjóði stjórnar sem væru til umræðu síðar á fundinum.

Formaður gerði að tillögu að beina til 70. Fjórðungspings Vestfirðinga að samþykkja endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2025. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Dagskrá 70. Fjórðungspings að vori til afgreiðslu

Formaður gaf sviðsstjóra orðið. Hann kynnti tillögu að dagskrá 70. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori sem haldið verði í Bryggjusal Edinborgarhúss, miðvikudaginn 2. apríl 2025.

Til máls tóku auk formanns, Hildur, Dagný, Magnús og Freyja.

Formaður lagði til að dagskrá þingsins verði samþykkt og kynnt sveitarfélögum.

Tillagan samþykkt.

3. Fundargerð Innviðanefndar

Lögð fram til kynningar fundargerð innviðanefndar frá 6. mars s.l.. Formaður gaf sviðsstjóra orðið.

Hann kynnti að nefndin hefði fjallað um efnisatriði fundar Vegagerðarinnar þann 18. mars n.k. á Patreksfirði og málefni innanlandsflugs vegna tilkynningar Icelandair um að hætta áætunarflugi til Ísafjarðar um mitt ár 2026.

Nefndin fjallar síðan um vinnuskjal varðandi tillögu um samgöngugreiningu á Vestfjörðum samkvæmt verklýsingu VSÓ ráðgjafar og Urbana ehf og kynnt er á fundinum. Vísar nefndin til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að verkefninu verði hrint í framkvæmd.

Formaður gerir að tillögu að samþykkja tillögu að samgöngugreiningu á grundvelli vinnuskjals. Verkefniskostnaði verði mætt með tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2025 um ráðstöfun úr varasjóði stjórnar.

Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

4. Staða svæðisskipulags

Formaður gaf svæðissstjóra orðið. Hann kynnti stöðu svæðisskipulagsins í stjórnsýslu skipulagsmála sveitarfélaga og samspil svæðisskipulags við aðrar sameiginlegar áætlanir á Vestfjörðum s.s. sóknaráætlun, áfangastaðaáætlun, úrgangsaætlun, loftlagsáætlun og innviðaaætlun.

Hann kynnti síðan stöðu einstakra kafla svæðisskipulagsins við vinnu að drögum að vinnslutillögu sem kynnt verður á Fjórðungspingi þann 2. apríl n.k..

5. Framlög C1 aðgerðar Byggðaáætlunar

Framkvæmdastjóri lagði fram bréf frá Byggðastofnun dags 7. mars s.l. þar sem kynnt niðurstaða innviðaráðherra um að samþykkja tillögu valnefndar um afgreiðslu á umsóknum Fjórðungssambands Vestfirðinga í C1 aðgerð Byggðaáætlunar 2022-2036. Sértek verkefni sóknaráætlunarsvæða. Umsóknirnar voru unnar í samráði við sveitarfélög á Vestfjörðum. Eftirfarandi verkefni voru samþykkt;

- Tenging fjárfesta við innviði og auðlindir á Vestfjörðum kr 10.600.000,-.
- Byggðabragur – sjálfsmynd íbúa og ímynd nýs sveitarfélags kr 9.400.000,-

- Samræmd móttaka og inngildin íbúa af erlendum uppruna á Vestfjörðum kr 10.000.000,-

Formaður þakkaði afgreiðslu valnefndar og ráðherra og starfsmönnum Vestfjarðastofu og sveitarfélaga við undirbúning umsókna. Hann gerði síðan að tillögu að heimila framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Byggðastofnun og samninga við sveitarfélög, stofnanir og sjálfstæða verktaka um framkvæmd þessara verkefna og eftir atvikum mótframlög þeirra.

Tillagan samþykkt.

6. Umsagnir:

a. Umsagnabeiðnir

1. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 \(samræming við EES-reglur\), 129. mál](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 20. mars** nk. Tillaga; ekki verði gerð umsögn um málið. Tillagan samþykkt.
2. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [frumvarp til laga um vegalög \(þjóðferjuleiðir\), 120. mál](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 20. mars** nk. Tillaga; að málið verði skoðað með tilliti til ferjusiglinga á Vestfjörðum og innanlandsflugs. Tillaga að umsögn verði send stjórn til staðfestingar í tölvupósti. Tillagan samþykkt.

b. Umsagnir til skoðunar

156. löggjafarþing 2025. Þingskjal 152 — 147. mál. Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða og skipulagslögum (svæðisráð o.fl.). Frá félags- og húsnaðismálaráðherra.

https://www.althingi.is/altext/156/s/0152.html?utm_medium=rss

Málið hefur komið fram áður og virðist nær óbreytt en lagt til að skoða nánar, en líklega verður kallað eftir umsögn að hálfu Fjórðungssambandsins. *Tillaga gerð um að hefja undirbúning að gerð umsagnar. Tillagan samþykkt.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.20.